

Nóvember 2019

Foreldraþing var haldið 7. október árið 2019. Unnið var með eitt gildi af fjórum í stefnu og framtíðarsýn skólans, sem samþykkt var árið 2017. Á þessu foreldraþingi var gildið *vilji* til umfjöllunar, það hljóðar svo:

**Lögð er áhersla á að virkja vilja alls skólasamfélagsins til að gera betur, sækja fram og þróa skólastarfið á skapandi hátt með það að markmiði að styðja við nám nemenda. Er það meðal annars gert með öflugum list- og verkgreinanámi, samstarfsverkefnum við frístund, foreldra og aðra aðila nærsamfélagsins, með umhverfisverkefnum, vettvangsnámi, starfsnámi og samfélagsverkefnum.**

30 foreldrar mættu og tóku þátt í 90 mínútna langri vinnusmiðju þar sem kafað var ofan í gildið frá ólíkum þáttum. Foreldraþingið hófst á því að hver og einn þátttakandi svaraði einstaklingslega og með leynd hvernig hann mæti stöðuna í starfi Austurbæjarskóla í dag með þessa framtíðarsýn um *vilja* í huga. Orðrétt var spurt:

#### Hvernig metur þú stöðuna í dag með þessa framtíðarsýn í huga?

Foreldrar gátu valið *mjög sammála*, *sammála*, *ekki viss*, *ósammála* og *mjög ósammála*. Niðurstöður matsins voru:

Mjög sammála	= 2 þátttakendur eða 7%
Sammála	= 13 þátttakendur eða 43%
Ekki viss	= 8 þátttakendur eða 27%
Ósammála	= 7 þátttakendur eða 23%
Mjög ósammála	= Enginn þátttakandi merkti við þennan möguleika

Það blasir við að helmingur þátttakenda eru sammála eða mjög sammála því að þessi framtíðarsýn eigi við skólastarfið í dag, en helmingur er ýmist ósammála því - eða ekki viss um það. Það gefur stjórnendum og starfsfólki skýra leiðsögn um að það eru mikil sóknarfæri í að skoða þessa þætti skólastarfsins vel á komandi misserum. Þar eru niðurstöður foreldraþings gagnlegt leiðarljós. Einnig gefa niðurstöður matsins til kynna að markvissari samskipti og upplýsingagjöf verður að koma til, svo að hlutfall **óvissra** foreldra lækki.

#### Umræður og hugleiðingar þátttakenda um gildið *vilja* og leiðir til að ná þessum markmiðum:

*Punktur eru teknir óbreyttir upp úr skrifum þátttakenda, en þýddir yfir á íslensku ef skrifaðir á ensku.*

Hvað í núverandi starfi skólans- og frístundar styður við þessa framtíðarsýn - og hvar er hægt að gera betur?

Það sem styður við framtíðarsýnina er **grænmerkt** / Það sem má gera betur er **gulmerkt**

- Foreldraþing sýnir ákveðinn vilja af hálfu skólans
- Vinna gegn einelti er góð

- Foreldrastarf virðist nokkuð virkt
  - Safnanir fyrir ferðalögum
  - Viðburðir
- Spennistöðin og félagsstarfið þar
- Foreldraþing sýnir viðleitni skólans
- Framtak gegn einelti er gott
- Framtak gegn einelti
- Safna flöskum fyrir ferðalögum
- Frístundaheimilið og 100og1
- Foreldraþing eru jákvæð
- Framtak gegn einelti inni í bekkjum
- Efla valfög í unglingadeild og gera meiri kröfur
- Meiri metnað í list – og verkgreinar
- Gott tónlistar- og smíðanáam
- Valfög eru ekki nægjanlega krefjandi
- Vantar samstarf – eða upplýsingar um samstarf um tækni- og vísindagreinar
- Skortur á vísindatengdum valfögum í 8. – 10. bekk.
- Val á unglingastigi styður við framtíðarsýnina, áhugi eykur vilja.
- Upplýsingagjöf mætti betur fara
- Upplýsingaflæði gerir forráðamönnum auðveldara fyrir að styðja við börn sín í námi
- Vettvangsferðir styðja við framtíðarsýnina
- Heimilisfræði styður við framtíðarsýnina
- Ég myndi vilja sjá meiri upplýsingagjöf um list- og verkgreinakennslu, hverjir kenna og hvað sé á dagskrá
- Það er engin samfella í tónmenntakennslu
- Gott væri að fá reglulega upplýsingar um viðfangsefni í kjarnagreinum og eins ef það er þema í gangi í náminu
- Nærumhverfið er núorðið vel nýtt
- Viljinn virðist vera fyrir hendi og metnaður er að aukast en betur má ef duga skal
- Metnaðarfullu listgreinanámi er enn ábótavant og hægt að nýta frístund og starfsfólk þar í meira mæli
- Má endilega bæta við danskennslu
- Skortur á hefðum og nútímalegum hugsunarhætti við kennslu!
- Vonandi er vilji til þess að auka list- og verkgreinanám, hægt að gera með því að stefna að sýningu: leik-, dans, - söng – myndmenntasýningu eða törn
- Mér finnst frístundastarfið fara vel af stað og skemmtilegar hugmyndir þar á ferð og góð samvera
- Vettvangsferðir og útikennsla styðja við framtíðarsýnina
- Gæði list- og verkgreinakennslu virðast vera upp og ofan milli ára
- Auka samstarf við aðra skóla, nýta þeirra styrkleika til að bæta námsframboð okkar barna, sömuleiðis gæti Austurbæjarskóli gefið eitthvað af sér til annarra skóla, byggt á hans styrkleikum
- Skólinn ætti að tengja betur við sitt samhengi, vinna með stofnunum, menningarhúsum og öðru í nágrenninu
- Frábært að verið sé að nýta nærumhverfið: Söfn, garða, götur og götunöfn
- Mjög jákvætt að valfög byggi á samstarfi við aðra skóla, t.d. Tækniskólann

- Bæta mætti samskipti og samvinnu frístundar og skóla, meiri nálægð, því fyrir börn og foreldra er þetta samfella og ein heild
- Frábært að nærumherfið sé nýtt til kennslu á öllum aldurstigum og söfnin í nágrenninu séu nýtt í kennslu
- Bæta má samstarf á milli skóla og frístundar en þar virðist of mikið árekstra og samstarfsörðugleika
- Efla má list- og verkgreinar
- Meiri metnað má sjá í skólasterfiu þegar kemur að skapandi greinum: Tónlist, leiklist, skapandi skrifum og svo framvegis
- Gefa má list- og verkgreinum meira vægi
- Jákvætt að tengja valfög við nám í Tækniskólanum
- Meira samstarf við frístund og foreldrafélag
- Frábært að sjá skólasterfið fara fram á söfnum og í vettvangsferðum í hverfinu okkar
- Kennsluhættir mættu verða mun fjölbreyttari
- Athuga að listgreinar haldi standard og metnaði
- Finna leiðir til að foreldrar fái upplýsingar og innsýn í listgreinar, t.d. í foreldraviðtölum.
- Spennistöðin er að gera góða hluti og dagskráin er spennandi, sonur minn í 5. bekk sækir í að mæta!
- Hreinni gólf – nýja reglan um enga skó er bylting! Og skáparnir fyrir úlpur er meiriháttar, kennir krökkunum virðingu fyrir umhverfi sínu
- Mætti bæta upplýsingaflæði frá kennara, hvað er verið að læra hverju sinni, þema mánaðarins í ólíkum fögum, fréttir af skólasterfi 1x í viku
- Spennistöðin er frábær – styrkja samtal og samstarf á milli hennar og skólans
- Skákstarf má koma aftur
- Bæta má upplýsingaflæði og almennt má samstarf vera meira
- Það er skortur á upplýsingum um námið
- Jákvætt að skólinn sé skólaus
- Draumalandið og 100og1 eru að gera góða hluti
- Virkja þarf skólasamfélagið allt betur saman: samstarf á milli skóla – og frístundastarfs má stórbæta
- Ýmislegt gott er að gerast: Aukin þátttaka barna, en það er meira bundið við einstaka kennara, ekki almenn stefna skólans – ennþá
- Jákvæð breyting að samþætta íslensku – og samfélagsgreinar á unglingastigi
- Ný samtöl/viðtöl nemenda og kennara „sjáðu mig“ eru jákvæð þróun
- Meiri áherslu má leggja á að orða upphátt/gera sýnilegt þær væntingar sem kennarar hafa fyrir hönd sinna nemenda, svo þeir viti hvar þeir standa, hvar styrkleikar og veikleikar þeirra liggja og hvernig þeir geta bætt sig

Hvaða viðburðir eða samstarfsverkefni styðja við þessa framtíðarsýn – og hvaða nýju verkefni/viðburði gætum við þróað?

- Vorhátíð
- Námskeið í Spennistöðinni, meira af þeim almennt, fyrir alla

- Tónlistarviðburðir, menningarhátíð sem byggi á fjölmenningu, skólahljómsveit, kór, leikfélag og Skrekkur
- Skólahljómsveit, kór og fleira
- Leikfélag og skákhópar
- Auka hreyfingu utandyra
- Loka aðeins fyrir í félagsmiðstöðinni en klukkan 22.00.
- Fjölbreytt úrval af félagsstarfsemi: Skákhópar, skólahljómsveit, leikfélag, skólakór og *Improv*-námskeið
- Samstarf 10. bekkja við Tækniskólann er jákvætt
- Fá fleiri gestakennara inn
- Skák í skólanum
- Fjármálafræðsla
- *Show and Tell*
- Kynningarfundur um möguleg valfög á framhaldsskólastigi sem nemendur geta tekið
- Skólinn óski eftir að fá námskeiðið „sorg og áföll í skólastarfi“ sem hefur verið haldið í Garðabæ, Kópavogi og Reykjavík, í samstarfi við Reykjavíkurstakall.
- Vorhátíð er dæmi um viðburð fyrir nærsamfélagið
- Sýningar á verkum nemenda
- Láta nemendur bera ábyrgð í jólaföndri: Hvað á að föndra, og sjá um yfirsetuna.
- Vorhátíð
- Jólasýning með þátttöku allra nemenda
- Samstarf við elliheimili í samfélagsfræði/tónlist
- Útikennsla í náttúrufræði
- Þemadagar: Þjóðir og heimsálfur teknar fyrir og nemendur sem eiga þangað ættir að rekja kynna „sín“ svæði, matur, tónlist, dans og fleira
- Fá aftur gangaverði + skólaliða!
- Eftirsjá að jólasýningu nemenda
- Vorhátíð og jólaföndur frábært
- Mætti virkja börnin meira og gera þau ábyrgari fyrir viðburðunum
- Hafa sýningu á verkum nemenda
- Jólaleikrit, tónleikar, dansleikir með foreldrum eins og gert er á Seltjarnarnesi, eða eitthvað svipað.
- Gera börnin meira ábyrg fyrir þáttum á viðburðum, t.d. jólaföndri.
- Sýningar á verkum barnanna
- Þrif á skólalóð hluti af ábyrgð skólabarna
- Mikilvægt að fara út af lóðinni, læra á umhverfið og að njóta þess sem það býður upp á, vel gert að fara á söfn, tónleika og fleira – meira af því!
- Taka aftur upp hefðir á borð við jólaleikrit og jólasýningar
- Vorhátíð
- Jólaföndrið
- Öskudagurinn
- Að sameinast um framtíðarsýn
- Sýna þeim framboð af listviðburðum og hvaða möguleika þau hafa í hverfinu
- Þátttaka í félagslegum viðburðum í nærumhverfinu
- Nýta félagsauð hverfisins

- Foreldraþing/nemendaping og stefnumótunin = tengja það betur við nám nemenda
- Félagasamtök og góðgerðarfélög = Rauði Krossinn og UNICEF, tengja við námið
- Tengja kynslóðir = dvalarheimili aldraðra, heimsóknir beggja á báða staði
- Vetrarhátíð í Reykjavík – þátttaka barna/foreldra/skóla
- Alþjóðlegt samstarf = heimsóknir
- Austurbæjarskóli er fjölmenningskóli sem tekur ekki þátt í fjölmenningshátíð í 101 – matur og menning.
- Foreldraþingið, Vorhátíð og Barnamenningarhátíð – frábært að taka þátt í þessu öllu og það styður við framtíðarsýnina
- Fjölmenningshátíð – væri sniðugt að hafa svoleiðis hátíð og fagna fjölbreytileika skólans
- Verkefni milli kynslóða – verkefni með leikskólum og elliheimilum
- Börn í dag eru upptekin af umhverfismálum og fylgja Gretu Thunberg – gera verkefni með þeim í því samhengi
- Samstarf við Tækniskólann um val og jafnvel fleiri stofnanir, Myndlistarskólann í Reykjavík t.d.
- UNICEF/UNIFEM verkefni, samfélagsverkefni
- Samskipti við elliheimili, spila og syngja á harmonikku
- Foreldraviðburðir mættu vera fleiri, eins og sumarhátíð og jólahátíð
- Taka þátt í Barnamenningarhátíð, Vetrarhátíð og Myrkum Músíkdögum
- Þéttara og betra samstarf við frístundina, of mikil skil á milli
- Samstarf við Tækniskólann frábært – gera meira af því!
- Meira af hagnýtum/praktískum verkefnum, í ólíkum námsgreinum
- Erasmus+ verkefni
- Fjölmenningsdagur – fögnum menningu og fjölmenningu!
- Hjarta- og hrós gjörningurinn
- Jólaleikritin sem voru einu sinni þarf að endurvekja, þau efla hópinn, bekkinn og skapa framtíðarleikara. Það er staðreynd að margir leikarar koma úr Austó og stigu sín fyrstu skref þar.
- Skólakór
- Þemavinna í bekk sem leiðir til uppskeruhátíðar, sem felur í sér að bjóða foreldrum að sjá. Allir hittast, kynnast og verða stoltir af skólanum sínum saman
- Tilfallandi einföld verkefni undir handleiðslu fagfólks: Stuttmynd, jólaleikrit.
- Leikrit eða annað samstarfsverkefni
- Fleiri viðburðir þar sem foreldrar koma inn *MEÐ* kennurum, ekki *í staðinn* fyrir þá
- Hafa fleiri skapandi verkefni í öllum aldurshópum – skapandi samstarfsverkefni árgangsins í heild. Áður fyrr voru þau fleiri, fjölga þeim aftur og útvíkka
- Sleppa má jólaföndri, það er ekki skapandi vettvangur og ekki lengur fjáröflun fyrir foreldrafélag – og hafa opið hús í staðinn þar sem foreldrar heimsækja börn og starfsfólk – skoða hvað þau eru að gera í náminu, fylgjast með ferlinu og krakkarnir undirbúa viðburðinn með kennurum
- Fleiri verkefni tengd fjölmenningu
- Gera *Menningsarmót* Borgarbókasafns undir handleiðslu Kristínar Vilhjálmsdóttur að alvöru föstum lið í skólastarfinu, svo að öll börn upplifi þátttöku í því á hverju aldursstigi

- Fleiri samstarfsverkefni þvert á skólann og frístundaheimilið, t.d. með innblæstri frá hinu frábæra verkefni *Frístundalæsi*
- Verkefni tengd fjölmeningu – hvergi er sjáanlegt á veggjum skólans eða heimasíðu að skólinn sé fjölmeningarskóli, hvernig er það mögulegt?
- Sérviðburður tengdur fjölmeningu, að menning hvers barns og reynsluheimur sé virtur í skólastarfinu og að börn fái tækifæri til að kynna og kynna hana
- Að starfsfólk í félagsmiðstöð komi að verkefnum á skólatíma: Lýðræðisverkefnum, hinseginfræðslu, góðgerðar/samfélagsverkefnum, félagsfærni og skólabrag. Við eigum heimsins bestu félagsmiðstöð og starfsfólkið þar eru sérfræðingar í líðan og hópamóral unglínganna – nýtum þau
- Endurskoða jólafondur – er þetta ekki orðið þreytt fyrirbæri? Mun frekar ætti við að vera með einhvers konar uppskeru annarinnar, þar sem nemendur, foreldrar og kennarar fagna vexti annarinnar, mætti tengja það jólum á einhvern hátt – en ekkert endilega
- Að nemendur stýri eigin foreldraviðtölum

## Hvernig á upplýsingagjöf milli heimila og skóla að þróast svo hún styðji við þessa framtíðarsýn?

- Vikulegir póstar frá kennurum til foreldra – grundvallaratriði
- Póstar til foreldra um *hvað* er verið að fást við, um vinnuferli bekkjarins í ákveðnum verkefnum – ekki bara upplýsingar um skilafresti
- Meiri upplýsingar um hvernig nám og skólabragur er að þróast
- Innihald póstanna skipta máli
- Frábær upplýsingapóstur í upphafi skólaárs frá skólastjóra. Gott að fá eitthvað annað en bara vesenis- og vandræðapósta
- Reglulegar fréttir og fréttabréf frá umsjónarkennara á að vera stefna skólans – ekki undir hverjum kennara komið hvort hann sinni
- Þýða gildin og upplýsingar á heimsíðu á ensku – það er betra að „google-translate-a“ frá ensku yfir á önnur tungumál
- Mjög mikilvægt að upplýsingapóstar frá skóla og foreldrafélagi séu á íslensku og ensku. Mun auðveldara að setja ensku í Google Translate og þýða þannig yfir á önnur tungumál
- Austurbæjarskóli gefur sig út fyrir að vera fjölmeningarskóli en foreldrar barna af erlendum uppruna fá ekki nægar upplýsingar
- Þýða gildi skólans yfir á ensku
- Samræma eða ákveða hversu miklar upplýsingar eiga að vera í póstum kennara
- Reglulegt fréttabréf í tölvupósti frá skólastjóra – foreldrar vilja almennt og yfirleitt vita meira um starfið
- Gott viðhorf foreldra til skólans hjálpar í öllu skólastarfi og upplýsingar skipta máli í því samhengi.
- Við viljum útrýma neikvæðu tali, þá er betra að foreldrar viti meira en minna.
- Foreldrar vilja sjá, hitta, vita hverjir eru aðrir en umsjónarkennarar barnanna – aðrir kennarar mættu mæta á skólasetningu, segja frá sínu fagi, íþróttum, sundi, textíl, smíði, myndmennt – og segja frá því sem er á döfinni komandi vetur

- Foreldrar vita ekkert hvað börnin eru að gera í listgreinum, það væri allt í lagi að segja frá því í tölvupósti einu sinni á misseri til dæmis
- Skilgreina í kennara/stjórnendahópnum hvað skólastjóri á að upplýsa um og hvað kennari á að upplýsa um
- Varist „ofpóstun“
- Ég fæ senda mætingu vikulega en EKKI fréttir af skólastarfi vikunnar í 5. bekk, ég óska eftir því
- Mjög ánægð með MENTOR-skilaboð kennara
- Hafa skýrari verkferla ef eitthvað kemur upp á ... t.d. slagsmál á skólalóð, hvert var upphafið og hver var endirinn? Það þarf að staðla þetta betur, þarna er brotalöm.
- Eru listrænir foreldrar í skólanum sem vilja/geta miðlað í skólann í sérstöku þemum/skapandi verkefnum – smíði, leiklist, handavinnu, myndlist og videogerð?!
- Hafa eina og hreina línu á því hversu oft upplýsingapóstar koma frá kennurum og hvað skal vera í þeim nokkurn veginn. Í dag er þetta bara einhvern veginn.
- Fréttabréf frá skólanum 2x á misseri, stutt og hnitmiðað, eins og það sem kom í september
- Meiri upplýsingar um skólastarfið skapar og styður við jákvætt viðhorf til skólans, eflir vilja foreldra til að taka þátt í skólastarfinu
- Fá að hitta alla kennara, að þeir mæti allir á skólasetningu, myndir af kennurum á heimasíðu
- Ég á barn í unglingsáætlun og ég veit ekki hvernig smíða- og textílkennararnir hans líta út – hann hefur verið hér síðan á yngsta stigi!
- Kynna betur aðra kennara en umsjónarkennara krakkanna
- Þarf að bæta upplýsingagjöf verulega – sérstaklega fyrir nýja foreldra
- Þarf að passa að allir póstar séu líka á ensku fyrir þá foreldra sem tala ekki íslensku
- Væri gaman að fá reglulegar fréttabréf um það sem er í gangi í skólanum, stuðlar að jákvæðara viðhorfi foreldra
- Viðmið um tölvupósta og upplýsingagjöf kennara til foreldra – mjög misjafnt hvernig það er – segja foreldrum frá því sem er verið að vinna með, verkefnum, ferli námsins
- Gott að nýta MENTOR eins og hægt er – miklu betri nýting á honum það sem af er ári, miðað við í fyrra
- Mjög margt gott og skemmtilegt í gangi í Austó sem gjarnan má segja frá. Fréttabréf eða að miðla í gegnum vef/MENTOR – jákvætt og skapar betri ímynd
- Kynna kennara betur, umsjónarkennari sér um samskiptin helst, en það koma margir aðrir kennarar að börnunum
- Meiri upplýsingagjöf, en veit ekki hvort hægt sé að nýta betur MENTOR – en það þarf að setja inn námsefni, bækur og fleira svo foreldrar geti fylgst betur með
- Öll almenn og óvenjuleg atvik þarf að tilkynna betur til foreldra
- Meiri upplýsinga á heimasíðuna
- Vantar meiri upplýsingar um hvað börnin eru að læra
- Að foreldrar fái að fylgjast betur með, með því að sjá námsefnið og hitta aðra kennara en umsjónarkennara
- Ég held að örlítið meira heimanám myndi ekki skaða, amk hafa það valkvætt fyrir dugmikla nemendur
- Skilvirkari heimasíða, t.d. hefði mátt auglýsa foreldraþingið þar!

- Í umbótaáætlun skólans frá því fyrir stuttu síðan var kveðið á um að vikulega ætti að setja inn fréttir á heimasíðu – það er langt í frá svo, og heimasíðan er alveg svakalega dauf.
- Upplýsingagjöf á að vera hrein og bein. Læra af rangri nálgun vegna atviks í 5. bekk
- Foreldrar fái að fylgjast betur með því sem er í gangi
- Vikuleg bréf frá umsjónarkennara skipta miklu máli
- Heimasíða uppfærð oft og viðburðir auglýstir þar
- Heimasíða endurspeglir gildi skólans, menningu skólans, umbótaþætti og slíkt. Segja frá starfsþróun kennara – þegar ýtt er á *þróunarstarf* kemur „í vinnslu“. Ekki traustvekjandi.
- Betri upplýsingar til foreldra varðandi alvarleg atvik í skóla
- Uppfæra heimasíðu oft og reglulega
- Kynna kennara fyrir foreldrum og annað starfsfólk á einhvern hátt – hver kennir hvað og hvernig lítur sú manneskja út
- Hafa samræmda reglu um það hvort kennarar séu meðlimir í Facebook-grúppum árganga eða ekki
- Vikuleg bréf – hvað er á döfinni? Hvað var gert?
- Ef upp koma alvarleg tilvik þarf skólinn að vera skýr í sinni upplýsingagjöf svo ekki fari af stað grósögur
- Uppfæra heimasíðu reglulega
- Auka upplýsingagjöf frá skólanum
- Fá fleiri upplýsingar frá hverjum kennara fyrir sig
- Yfirleitt erum við ánægð með samskiptin, en það sem vantar eru upplýsingar á ensku fyrir þá foreldra sem tala ekki íslensku
- Það þarf að laga viðmótið á Mentor
- Upplýsa foreldra um viðburði í gegnum Mentor!
- Passa upp á að upplýsingar séu amk líka á ensku
- Lengri foreldraviðtöl
- Upplýsingar á öðrum tungumálum en íslensku
- Betri upplýsingar frá skóla til foreldra
- Upplýsingagjöf þarf ávallt að fara til beggja foreldra, þótt foreldrar séu aðskilin og um tvær fjölskyldur sé að ræða – annars finnst mér upplýsingagjöf almennt fín
- Bara fín upplýsingagjöf eins og hún er
- Að það sé gert ráð fyrir báðum foreldrum, lögheimilisforeldri og hinu foreldrinu
- Hafa upplýsingagjöfina einfalda
- Að það sé gert ráð fyrir báðum foreldrum, líka fráskildum
- Ekki er nægjanlegt samtal/samgangur milli skólans og frístundaheimilis hvað varðar upplýsingagjöf

## Hvernig virkjum við börn, unglinga og foreldra til að framtíðarsýnin verði að veruleika?

- Meira af viðburðum og námskeiðum

- Að skapaður sé vettvangur – t.d. með Speed-Dating
- Að það sé til vettvangur fyrir foreldra
- Upplýsingatækni – Mentor – að allir séu með
- Speed-networking fyrir foreldra
- Speed-dating!
- Skipuleggja skemmtilega viðburði
- Samstarfsverkefni foreldra og barna
- Atburði fyrir bæði foreldra og börn
- Viðburðir og vettvangur sem foreldrar geta kynnst hvert öðru, eins og speed-dating-networking = Það er leið til að skapa samfélag og tengsl á milli ólíkra aðila
- Halda fundi með foreldrum og skóla reglulega
- Gefa foreldrum færi á að kynnst öðrum kennurum en umsjónarkennara
- Þjóða upp á foreldraviðtöl við alla kennara ef þess er óskað
- Gefa börnum og unglingum meiri ábyrgð
- Þegar börnin eiga hugmyndina er líklegra að þau vilji fylgja henni eftir
- Með því að gefa nemendum meiri ábyrgð á nærumhverfi sínu (umgengni) og skipulagi skemmtana / viðburða
- Með því að skipuleggja viðburði þar sem foreldrar taka þátt í skipulagi og framkvæmd, samkvæmt *kvótakerfi* – sbr. „nú er röðin komin að þér/ykkur“
- Með því að kalla eftir frumkvæði foreldra sem ekki hafa haft sig í frammi. Allir hafi rödd
- Börnin fá meiri ábyrgð á viðburðum
- Meiri ábyrgð til barnanna og við foreldrarnir bökkum þau upp
- Ég held að það sé best að virkja börnin með því að þau beri ábyrgð á viðburðum eins og jólaföndri, sýningum og skemmtunum öðrum. Börnin vilja gjarnan koma fram og sýna fólkinu sínu hvað þau eru að gera. Virkja börnin til að þrífa í kringum skólann – jafnvel skipta mánuðum milli eldri árganga, kenna þeim að bera ábyrgð á umhverfinu
- Það þarf að tryggja betur að foreldrar skilji hvert hlutverk þeirra er: ALLIR þurfa að vera einhvern tímann bekkjarfulltrúar – í hverju felst það? Af hverju er það mikilvægt? Mín upplifun er sú að kennarar tali ekki fyrir þessu, snúi sér í hina áttina og segi: „Þetta er mál foreldranna, ykkar er að velja bekkjarfulltrúa og halda uppi öflugum foreldrastarfi“. En það er ekki svoleiðis – við gerum þetta saman, alltaf
- Jákvætt umtal – jákvæð upplýsingagjöf kallar á jákvæð tengsl
- Með góðu upplýsingaflæði verða foreldrar jákvæðari gagnvart skólustarfinu
- Hlusta á börnin til að hvetja þau áfram þannig að þeim líði eins og þau hafi eitthvað um þetta að segja
- Gott upplýsingaflæði – jákvæðar fréttir
- Hjarta/hrós verkefnið til kennara var vel heppnað
- Nemendur kvörtuðu yfir því að ekki hefði verið hlustað á niðurstöður nemendapings
- Hlusta

- Gott upplýsingaflæði og jákvæðar fréttir úr skólastarfinu
- Verum jákvæð – tölum jákvætt um skólann, líka þegar eitthvað hefur bjátað á, að það sé verið að taka á vandamáli eða atviki og það sé vilji til að gera betur og þá líður öllum betur
- Bekkjarfulltrúar verða að vera virkari í að halda bekkjarkvöld. Það er líka til að foreldrar kynnist. Þannig að ef það eru viðburðir í skólanum sem tengja okkur saman: foreldra, börn og skóla = þá verður til stolt. AUSTÓ BEST – góðir hlutir skapa jákvætt umtal og orðspor
- Reynum að kortleggja hvaða draumsýn nemendur hafa t.d. áhugamál, hugsanleg draumastörf = og spyrja sig hvaða grunnþekkingu þarf til að láta það rætast
- Mikilvægt að foreldrar séu góðir talsmenn skólans og viti hvað fer fram í skólastarfinu
- Foreldrar tali vel um skólann
- Börnin geta verið virkari í skólastarfinu – þar er hægt að læra mikið af frístundastarfinu
- Sýnum börnum alveg frá því í 1. bekk hvernig gildin okkar virka og hvaða væntingar við höfum fyrir þeirra hönd
- Það þarf að leggja mikla rækt við skólaforeldra sem koma inn með fyrstu börnin sín í 1. bekk, kennarar þurfa að helga sig meira að því að styðja við þá, segja meira frá því sem skólinn stendur fyrir, leiða þá inn í hlutverk sitt svo að segja. Við leggjum grunninn þar

Á foreldraþingi skoðuðu þátttakendur einnig valda kafla úr starfsáætlun Austurbæjarskóla og ræddu saman í hópum um hvað mætti bæta. Hér er klausa um markmið foreldrafélagsins:

*Markmið (foreldra)félagsins eru að efla samstarf heimilis og skóla, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skólamál, efla kynni foreldra innbyrðis og við starfsmenn skólans, efla þekkingu foreldra á starfsemi skólans, styrkja menningar- og félagslíf innan skólans, koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál í samráði við skólann, taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra.*

Spurt var: Hvað er jákvætt hér? En neikvætt? Hverju viljum við bæta við?

- Full mörg atriði, mætti einfalda.
- Skólinn ætti að bera ábyrgð á þessu og hafa frumkvæði – en foreldrafélagið ætti að styðja við það
- Of ítarleg lýsing og virkar krefjandi
- Væri gott að stytta þetta um helming
- Það er mjög jákvætt að tengja skólann og foreldra
- Jákvæð áætlun – stór verkefni
- Mætti bæta við: *Stuðla að jákvæðum skólabrag*
- Fallegur texti en hástemmdur – virkar ekki í reynd svona, kannski af því að foreldrar eru ekki duglegir að taka þátt

- Við myndum vilja sjá meiri fjölmenningslega áherslu í textanum og eitthvað um hlutverk foreldra í að móta skólaandann og menninguna

**Því næst skoðuðu þátttakendur texta úr starfsáætlun er lýtur að verkefnum umsjónarkennara:**

- Að boða foreldra og undirbúa einstaklingsviðtal, foreldradaga, septemberfund og opið hús á aðventu.
- Að vinna leiðsagnarmat jafnt og þétt
- Að koma upplýsingum um fréttir frá bekkjarstarfinu til aðila sem sér um heimasíðuna.
- Að vera bekkjarfulltrúum innan handar.
- Senda foreldrum á tveggja vikna fresti rafrænt yfirlit yfir mætingar nemenda.
- Auka skráningu og upplýsingagjöf til foreldra í gegnum Mentor.

**Spurt var: Hvað er jákvætt hér? En neikvætt? Hverju viljum við bæta við?**

- Samkæmt upplifun borðsins er þetta ekki raunveruleikinn – misbrestur er á upplýsingagjöf og hún er ekki mikil yfir það heila varðandi námið
- Hæfniviðmið, umsagnir og endurgjöf mætti nýta betur og gera skil í Mentor
- Misjafnt eftir kennurum hvernig staðið er að þessum verkefnum
- Jákvæð viðbrögð: Í textanum er hvatning til upplýsingagjafar
- Neikvæð viðbrögð: Það er afar mismunandi eftir kennurum hvað er sett inn í MENTOR
- Það vantar inn í verkefnin að umsjónarkennarar eldri bekkja viti meira um stöðu nemenda í öðrum námsgreinum en þeim sem þeir kenna
- Allt jákvætt – en ekki praktíserað endilega
- Í texta kemur fram: Boðar og undirbýr viðtal – en hvað svo? Hver tekur viðtalið?
- Bæta við: Samskipti við foreldra beint – t.d. í gegnum tölvupóst, ef foreldrar hafa spurningar
- Mætti bæta við: Umsjónarkennari hafi yfirsýn yfir það sem drífur á daga barnsins og geti rætt það við foreldra
- Að kennari sé ávallt í sambandi við báða foreldra ef um tvö heimili er að ræða
- Ljómandi fínn texti – en er þetta svona í reynd? Sumt er í gangi og virkar, annað ekki
- Mikilvægt að allir kennarar sendi vikulegan póst – líka um hvernig miðar í náminu
- Gæta að því að foreldrar af erlendum uppruna fái upplýsingar um t.d. mentor og hvernig hann virkar
- Ef umsjónarkennarar gera þessi verkefni öll og vel - þá er það flott
- Umsjónarkennarar eiga að bera ábyrgð á að tilkynna foreldrum um nýja nemendur, leiða nýja foreldra að bekkjarfulltrúum, láta bekkjarfulltrúa vita svo hægt sé að hafa samband við foreldra og gefa þeim aðgang að Facebook og slíkt. Það er mikill misbrestur á þessu, sem er slæmt í skóla sem fær börn til sín allan veturinn, oft fólk sem er nýkomið til landsins og þarf mikið á því að halda að komast í tengsl við sitt nærsamfélag sem fyrst og mynda tengsl.
- Punkturinn *að vera bekkjarfulltrúum innan handar* er mjög ábótavant. Bekkjarkvöldin verða til dæmis að vera studd af kennurum á einhvern hátt, skólinn verður að finna leið til þess, borga fyrir það eða finna á því einhverja lausn.
- Hvað með að nýta viðtalstíma kennara, sem þeir eiga allir að bjóða upp á vikulega, til að taka upp símann og spjalla við bekkjarfulltrúa, t.d. 2x í mánuði? Eða bjóða þeim að

hitta sig í skólanum með reglulegum hætti? Þá geti foreldrar komið spurningum, álitamálum, hugmyndum eða hrósi áleiðis til bekkjarfulltrúa, sem beri svo fréttirnar áfram til kennara – og aftur til foreldrahópsins frá kennurum. Í þeim samtölum er hægt að fara yfir hvort einhverja foreldra vanti á Facebook-síðuna, ræða skólabrag og menningu í bekknum, fá hugmyndir að verkefnum sem gætu tengt foreldra, kennara og nemendur betur saman, etc.

**Að lokum skoðuð þátttakendur á foreldraþingi klausu úr starfsáætlun er snýr að verkefnum allra foreldra, þau eru eftirfarandi:**

- Að mæta í einstaklingsviðtal (1. bekkur), á tvo foreldradaga, kynningarfund í september og bekkjarkvöld sem er í umsjón bekkjarfulltrúa.
- Að tilnefna tvo bekkjarfulltrúa, sem eiga forgöngu um að skipuleggja bekkjarstarfið og ýmis atriði er varða samskipti nemenda og félagsleg tengsl s.s. viðmið og venjur er varða afmæli, útivist o.fl.
- Að kynna sér og nota Mentor
- Að styðja, hvetja og aðstoða börn sín þegar kemur að heimalestri.
- Að fylgjast með „töskupósti“ og mætingum barna sinna, þekkja skólareglur og viðurlög við brotum á þeim.
- Sjá til að skólinn búi alltaf yfir réttum upplýsingum um heimili, símanúmer og netföng.

**Spurt var: Hvað er jákvætt hér? En neikvætt? Hverju viljum við bæta við?**

- Bæta við: Að styðja börn til víðsýni og virkar þátttöku í félagsstarfi skólans
- Bæta við: Að vera fyrirmyndir barnanna
- Bæta við: Félagslegu hlutverki foreldra og hvatningu til að þeir kynni sér félagslega þætti í skólanum.
- Allt mjög jákvæðir og sjálfsagðir punktar
- Mætti bæta við: Foreldrar efli vellíðan og tengsl
- Eðlileg viðmið í þessum verkefnum, ekki of mikið
- Bæta við: Foreldrar séu fyrirmyndir fyrir börn sín, séu jákvæðir, útskýri, taki þátt í bæði skóla- og frístundastarfi
- Fín verkefni
- Bæta við: Að bera ábyrgð/vera þátttakandi í að móta skólamenninguna
- Bæta við: Foreldri er hluti af skóla- og frístundasamfélagi Austó
- Bæta við: Vera þátttakendur á viðburðum.